

**Dalabyggð 14. janúar 2021**

**Sveitarfélagið Dalabyggð  
b/t byggðaráðs**

**Efni:** Opnunartími Sælingsdalslaugar og íþróttaskóli fyrir börn á leikskólaaldri

Við erum fjórar konur hér í Dalabyggð sem langar að fara af stað með íþróttaskóla fyrir börn á aldrinum 0-5 ára. Í Dalabyggð eru núna 25 börn í þessu aldurshópi sem hafa ekki aðgang að neinu skipulögðu tólmstundarstarfi. Íþróttaskólinn verður í umsjón ungmennafélagsins Dögunar og okkar vinna við skipulag og uppsetningu verður í sjálfboðavinna. Við höfðum hugsað okkur að fá að vera í íþróttahúsinu á Laugum, annan hvern laugardag til að byrja með, þann laugardag sem sundlaugin er opin.

Opnunartími Sælingsdalslaugar eins og hann er núna frá kl. 12 til kl. 17 er frekar óheppilegur fyrir þennan aldurshóp. Við sjáum fyrir okkur að mæting yrði betri ef við gætum boðið uppá íþróttaskólann fyrr að deginum t.d. kl. 10:30, jafnvel fyrr. Bendum á að opnunartíminn gæti verið styttri í hinn enda dagsins.

Fólk getur byrjað daginn á hreyfingu og sundi með börnunum sínum og átt síðan eftirmiðdaginn lausan. Þau börn sem eru enn að leggja sig yfir daginn eru flest að taka lúrin sinn milli kl. 12 og 14. Það er að okkar mati óhentugt að fara af stað kl. 15 með hreyfingu. Dagurinn er hér orðin hálfur og það slítur daginn að mörgu leiti í sundur.

Best væri ef sundlaugin gæti opnað á sama tíma og við hefjum hreyfistund þá gætu eldri systkini farið í sund á meðan yngri eru í hreyfingu.

Við bindum einnig vonir við að foreldrar úr nágrennasveitarfélögum, frá Reykhólum og Hólmavík myndu mæta til okkar með sín börn.

Það hefur sýnt sig að aðsókn í Sælingsdalslaug hefur aukist þegar það er eitthvað annað sem dregur að líka. sbr. körfuboltaæfingar á miðvikudögum, mun fleiri eru þá að mæta í sund en annars.

Hreyfing er allra meina bót og mikilvæg fyrir lýðheilsu. Okkur finnst að ungu börnin í samfélaginu okkar eigi skilið tækifæri til að rækta sinn hreyfiþroska á þeim tíma og stað sem hentar þeirra þroska sem best.

Með von um jákvæðar undirtektir og skjót svör,

Guðbjört Lóa Þorgrímsdóttir  
Íris Brynjólfsdóttir  
Rúna Blöndal  
Sara Kristinsdóttir